

„Loksins vaknaði rósin og litli prinsinn varð himinlifandi. — En hún var mjög eigingjörn rós."

Brúður á ferð um himingeiminn

Fyrsta barnaleikritið sem tekið er til sýninga á þessu hausti er „Litli prinsinn", en sýningar á því hefjast í Þjóðleikhúsinu n.k. sunnudag.

Leikritið var sýnt tvisvar sinnum á Listahátíð í vor. Í því koma fram bæði leikarar og leikbrúður. Á Listahátíðarsýningum voru brúðustjórnendurnir sænskir, frá Marionettleikhúsinu í Stokkhólmi, en íslenskir leikarar fluttu textann. Brúður og sviðsbúnað hefur Marionettleikhúsið lánað til sýninganna.

Nú hefur Þjóðleikhúsið fengið íslenska brúðustjórnendur til liðs við sig. Eru það fjórir félagar úr Leikbrúðulandi, þær Bryndís Gunnarsdóttir, Erna Guðmarsdóttir, Hallveig Thorlacius og Helga Steffensen.

Þórunn Magnea Magnúsdóttir fer með hlutverk litla prinsins og stjórnar þeirri brúðu að nokkru. Aðrir leikarar eru Bríet Héðinsdóttir, Flosi Ólafsson, Hákon Waage, Erlingur Gíslason, Sigmundur Örn Arngrímsson og Steinunn Jóhannesdóttir sem jafnframt er aðstoðarleikstjóri. Leikstjórinn Michael Meschke er nú staddur hérlendis og leggur hann síðustu hönd á verkið.

Leikritið byggir á frægri sögu frakkans Antione de Saint-Exupéry, en þar segir frá flugmanni sem nauðlendir í eyðimörk og rekst þar á ungan dreng, litla prinsinn, sem skýrir honum frá ævintýrum sínum og ferðalögum um himingeiminn. Hluti leiksins gerist úti í himingeimnum og er þá leikið við últra-fjólublátt ljós, þannig að brúðustjórnendur eru ósýnilegir en brúður og aðrir leikmunir þeim mun skýrari í fjölbreyttum litum.


LITIR OG FORM AÐ KJARVALSSTÖÐUM

„Þau verk sem ég sýni hér eru mörg hver unnin í tengslum við kennslu mína í lit- og formfræði við Myndlista- og handíðaskólann. Í þeirri grein er reynt á vísindalegan hátt að komast til botns í grundvallarlögmálum lita og forma. Þó er hér ekki um vísindalega skýrslu að ræða, heldur myndlist," sagði Hörður Ágústsson listmálari í samtali við Vísi.

Hörður opnar í dag sýninguna „Úr lit- og formsmiðju 1953-76" að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 96 myndir, þar af 56 litbandamyndir sem flestar eru gerðar á síðustu þremur árum. Eldri myndirnar eru flestar ljósmyndaðar teikningar og samklippur.

Hörður sagði að þetta væri fyrsta sýning sín á þessu efni og þessari afstöðu. Myndirnar teldust til afstrakt listar, en markmið þeirrar tegundar listar hefði verið að leita inn á við og reyna að finna gildi og áhrifamátt lita og forma til tilfinningalegra tjáninga.

Hörður Ágústsson sýndi fyrst opinberlega í París árið 1949, en síðast sýndi hann í Norræna húsinu vorið 1975. Sýningin „Úr lit- og formsmiðju" verður opin daglega kl. 16-22.



Hörður Ágústsson við eina mynda sinna. Ljósm Loftur.



„Á VIÐ EINS ÁRS SETU Í LISTASKÓLA"

Bandarísk nútímaverk sýnd í Menningarstofnun Bandaríkjanna

„Sýningin „American printmakers" er ein af allra bestu grafíksýningum sem hingað hafa komið.. Að skoða slíka sýningu er vel á við eins árs setu í listaskóla. Hún sýnir ótvírætt að bandarískir listamenn eru með þeim fremstu á myndlistarsviðinu í heiminum."

Þetta er umsögn Einars Hákonarsonar listmálara um sýningu 48 listaverka eftir 36 bandaríska nútímalistamenn sem nú stendur yfir í Menningarstofnun Bandaríkjanna að Neshaga 16.

Sýning þessi er mjög fjölbreytt. Þar er að finna grafikmyndir, silkiprent, tréskurð , steinprent, upplyftimyndir o.fl. Verkin eru frá Jane Haslem Gallery í Washington og munu þau fara héðan til sýninga á hinum norðurlöndunum.

Meðal þeirra sem eiga verk á sýningunni eru nokkrir frægir listamenn, s.s. Josef Alberts, Mark Tobey, Clais Oldenburg, Antonio Frasconi og Gabor Peterdi svo nokkrir séu nefndir.

Sýningin verður opin daglega kl. 9-6 til mánudagskvölds.